

“Grænfáninn”

Leikskólinn Norðurberg
v/Norðurvang
sími: 555-3484
netfang: nordurberg@hafnarfjordur.is
heimasíða: www.leikskolinn.is/nordurberg

Hafnarfjörður 14. júní 2007



Skýrsla leikskólans Norðurbergs fyrir umsókn um Grænfánann 2007

Þá er komið að því að sækja um Grænfánann í þriðja sinn og er mikill spenningur hér í leikskólanum að það takist með myndarbrag. Fyrir fjórum árum fórum við í samstarf við Engidalsskóla í Hafnarfirði um umsókn um fánann og sátu tveir starfsmenn leikskólans í sameiginlegu umhverfissráði grunnskólans og leikskólans. Við hittumst reglulega árið sem við sóttum formlega um Grænfánann og sendum stýrihópnum allar fundargerðir. Við ákváðum síðan í sameiningu að hittast sjaldnar eftir það, en hófum síðan samvinnuna í tengslum við umsókn um fánann öðru sinni.

Við höfum góða reynslu afa þessu samstarfi og má segja að báðir skólar hafi grætt á því. Leikskólinn er að útskrifa börn með góða vitund í umhverfismálum og grunnskólinn er að taka við þessum sömu börnum sem auðveldar þeim vinnuna í framhaldi. Við höfum líka grætt á þessari samvinnu að öllu öðru leyti. Samvinnan hefur leitt til betri skilnings, virðingu og vinnubragða á hvoru skólastigi fyrir sig. Það er ekki lítils virði. Það er reglulegur samgangur á milli skólastigana á hverjum vetri, til að auðvelda börnum leikskólans aðlögun yfir í grunnskólann. Yngstu bekkir grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann á haustin og rifja upp góðar stundir og upplifanir í leikskólanum og leikskólabörnin fara í heimsóknir í grunnskólann og æfa sig í að sitja kennslustundir og kynnast húskosti og starfsemi skólans.

Í ár var ákveðið að klippa á naflastrenginn og sækja um Grænfánann ein og sér. Við erum með tvö umhverfissráð starfandi í leikskólanum, eitt fyrir kennara og foreldra (Umhverfissráð 1) og annað fyrir börn og kennara (Umhverfissráð 2). Fullorðinsráðið hittist einu sinni í mánuði yfir veturinn og hefur haldið fundina snemma morguns svo auðveldar sé fyrir foreldri að sækja fundina. Umhverfissráð barna hefur hist nokkrum sinnum eftir

áramótin og í endurmati vorsins teljum við að nóg sé að hittast einu sinni í mánuði eins og hitt ráðið gerir.

Í Umhverfísráði kennara og foreldra, Umhverfísráð 1, sitja sjö starfsmenn og sex þeirra sitja í tvö ári í senn en leikskólastjóri er æviráðinn!! Við köllum fulltrúana "umhverfísráðherra" á deildinni og fá þeir tíma á hverjum deildarfundum, sem er mánaðarlega, til að fara yfir umhverfismálin eða til að miðla nýjum upplýsingum sé þess þörf. Umhverfísráð fundar fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði. Fundargerðir beggja ráða eru í lok skýrslunnar (sjá fylgiskjöl).

Umhverfísráð barna og kennara, Umhverfísráð 2, var stofnað upp úr áramótum og hefur því hist nokkrum sinnum. Fyrst ætluðum við að hittast á tveggja vikna fresti en sáum að það var alltof stutt á milli funda. Í framtíðinni ætlum við að hittast mánaðarlega. Í þessu ráði sitja öll elstu börn leikskólans og kennarar þeirra ásamt leikskólastjóra. Fundargerðir voru skráðar eftir hvern fund (sjá fylgiskjöl). Við settum saman ákveðna umgjörð um fundi barnanna og hefur það reynst vel (sjá fylgiskjal).

Umhverfísráð leikskólans :

Hlutverk:

- að hvetja starfsmenn og börn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- að sjá um eftirlit inni á deildum
- að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- að lesa af rafmangs- og vatnsmælum og skrásetja í hverjum mánuði
- að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár
- að breiða út boðskapinn og vera öðrum góð fyrirmynd

Í umhverfísráði 1, 2006-2007 sitja:

Anna Borg, leikskólastjóri, formaður
Katrín Guðbjartsdóttir, deildarstjóri
Ahmed Hassan, leiðbeinandi
Lóa Björk Hallsdóttir, deildarstjóri
Júlíana Vilhjálmsdóttir, leikskólakennaranemi
Unnur Björg Kristjánsdóttir, leikskólakennari
Día Björk Birgisdóttir, leiðbeinandi

Kristín Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður
Ágústa Sverrisdóttir, fulltrúi foreldra

Katrín Guðbjartsdóttir er ritari hópsins og jafnframt sér hún um álestur á rafmangs- og hitamælum hússins um hver mánaðarmót.

Í umhverfisráði 2, 2006-2007 sitja:

Anna Borg, leikskólastjóri, formaður
Fríða Ragnarsdóttir, kennari, ritari
Ragnheiður Ragnarsdóttir, leikskólakennari
Lóa Björk Hallsdóttir, deildarstjóri
19 börn í elsta árgangi leikskólans

Mat á stöðu umhverfismála:

Í fyrrahaust fór Umhverfisráð 1 í gegnum gátlista um umhverfismál þar sem staða leikskólans var metin. Þar sem að leikskólinn hefur unnið að umhverfismennt árum saman, og fléttað hana inn í daglegt líf leikskólans, kom hann vel út úr gátlistanum. En það má alltaf gera betur og verður stöðugt unnið í því að leita leiða til að gagna sem lengst í umhverfisvænum lífsstíl í leikskólanum (sjá fylgiskjal með gátlistanum í heild). Nýtt umhverfisráð kom saman um haustið og setti markmið fram til vors og undirbúningur fyrir umsókn um Grænfánann hófst formlega.

Verkefni vetrarins: **Átthagar**

Starfsmannahópurinn ákvað endurmati á skólastarfinu vorið 2006 að taka fyrir **átthagana** sem grunn að umsókn um fánann. Við erum búin að vera með náttúruskoðun í hverri viku í nokkur ár fyrir öll börn leikskólans en nú langaði okkur að þróa þetta ákveðna starf á annan hátt. Fram að þessu hafa barnahóparnir farið hingað og þangað í okkar nærumhverfi. Við vildum fara á einn og sama staðinn í viku hverri og sjá hvernig það reyndist börnunum og okkur kennurum. Með því að vinna sérstaklega með umhverfið, í þessu tilviki nærumhverfið, trúum við því að það stuðli að bættri umgengni og betri umhyggju hjá börnunum fyrir umhverfi okkar og þeirri náttúru sem umlykur okkur.

Í þessu nýja verkefni okkar fórum við með hvern barnahóp, þriggja ára og eldir, einu sinni í viku á fyrirfram ákveðið svæði úti í náttúrunni. Fyrir valinu varð Hafnarfjarðarhraun sem er hraunið austan megin við Hrafnistu og vestan megin við okkur. Þangað er ekki nema nokkurra mínútna gangur.

Þetta hraun er orðið "Hraunið okkar" og er markmiðið að þekkja svæðið vel og verða örugg í leik í þessu umhverfi með því að byggja stöðugt á fyrri reynslu barnanna í gegnum endurtekningu. Við leikum okkur á svæðinu, skilgreinum náttúruna eins og mosa og annan gróður, hraunið, gjóturnar og margt fleira. Börnin hafa búið til sín "örnefni" eins og "Hraunið okkar", "Álfagjái" og margt fleira. Við höfum haft ýmislegt með okkur í bakpoka, sem kemur sér vel úti í náttúrunni!! Við tókum líka með okkur eitt og annað úr leikskólanum til að auðga leikinn enn frekar t.d. búdót, kaðal í klettaklifur, mat fyrir krumma og ýmis rannsóknaráhöld. Það er alltaf tekið eitthvað til að narta í úti í hrauni, eins og ávexti, rúsínur o.fl. og vatn á brúsa. Þegar kuldinn var sem mestur tókum við með okkur heitan drykk, hraundrykkinn, sem er heitt vatn blandið við sólberjastaf, góður drykkur. Í sumar verður gott tækifæri til að lengja veruna í hrauninu með því að taka hádegismatinn með og borða úti. Það verður bara skemmtilegt!!

Með því að fara alltaf á sama svæðið erum við að vinna eins og leikskólar víða í nágrennalöndum gera í svo kölluðum útileikskólum. Þar fara börnin oftast út í skóg en þar sem það landslag er ekki einkennandi fyrir okkar landslag stefnum við út í Hraunið okkar. Við eigum að meta okkar umhverfi eins og það er, bert, mjúkt, hart og lítið um gróður. Kostur hraunsvæðis er að það veitir okkur skjól eins og skógurinn.

Það hefur verið hefð hjá okkur til margra ára að hver barnahópur finnur sér leynistað á haustin og fylgist með honum og hlúir að honum yfir árið. Við þessa breytingu á náttúruskoðun var ákveðið að færa leynistaðina út í hraunið og verða allir barnahópar, þriggja ára og eldir, búnir að því fyrir haustið 2007.

Við ákváðum að skrá niður þessar ferðir okkar og má lesa skemmtileg dagbókarskrif frá öllum deildum leikskólans (sjá fylgiskjöl). Við létum útbúa fyrir okkur sérstök skrifpúlt, úr gömlu borði, sem fest eru á vegg inn í fataklefum deildanna. Þannig geta foreldrar og aðrir gestir gluggað í hvað hefur verið gert í náttúruskoðun og séð myndir og lesið skemmtilegar frásagnir.

Umhverfissáttmáli leikskólans Norðurbergs:

Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og

matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.

Umhverfisstefna leikskólans:

Umhverfismarkmið leikskólans eru:

1. Að kynna umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem umlykur það og læri að bera virðingu fyrir henni
2. Að minnka orkunotkun innan leikskólans
3. Að flokka lífrænan úrgang frá öðru sorpi og molta hann
4. Að flokka ólífrænan úrgang, skila endurvinnanlegum umbúðum á endurvinnslustöð og endurnota og endurnýta það sem ekki er hægt að endurvinna
5. Að kaupa inn lífrænt ræktaðan mat
6. Að ræsta á umhverfisvænan hátt

Leiðir að markmiðum:

1. Börnin fara einu sinni í viku í náttúruskoðun. Þá er átt við að þau fari um lóð leikskólans eða í nánasta umhverfi hans, í þetta sinn í "Hraunið okkar", og fá tækifæri á því að upplifa og njóta undur náttúrunnar. Þau eiga fyrst og fremst að njóta og skynja og rannsaka það sem er í kringum þau með hjálp þeirra fullorðnu. Það er t.d. hægt að vekja athygli á dýralífinu, möguleikum hraunsins, sjá muninn á litla trénu og stóra trénu, liggja á bakinu og skoða tréð frá öðru sjónarhorni, finna hve mosinn er mjúkur eða hraunsteinninn kantaður, kíkja hvað er undir steinum, leita að köngulóarvef, gefa fuglum brauð yfir veturinn og smíða fuglahús yfir sumartímann og svona mætti lengi telja. Hver barnahópur á sinn bakpoka til ferðanna og er innihaldið svipað; vatnsbrúsar, box, stækkunargler/glös, vasahnífur, pokar, plástur og hvað eina sem hópnum dettur í hug með tilliti til þeirrar ferðar sem hann fer í hverju sinni. Allir hópar eiga sinn leynistað sem er oftast fallegt rjóður í nágrenni leikskólans (yngstu börnin) eða í "Hrauninu okkar" (elstu börnin). Á leynistaðinn fara hóparnir reglulega til að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað á milli árstíða eða hreinlega vikna.

Öll börnin á eldri deildum leikskólans hafa tekið að sér tré á skólalóðinni í fóstur yfir skólaárið. Öll völdu þau sér sitt tré og síðan var það merkt með nafni þeirra. Trén voru mæld og mælingin skráð til að bera saman við næstu mælingu Af hverju þessi aðgerð? Við ákváðum að fara út í þetta til að freista þess að börnin gengu betur um gróðurinn í lóðinni og erum við sammála um að svo hafi raunin orðið. Börnin hafa lært heilmikið af þessu, þau hafa undrast yfir því hvers vegna þeirra tré hafi misst laufblöðin fyrir á haustin en hjá hinum og önnur hafa haft orð á því að sitt tré fái ber meðan önnur ekki!! Mikill fróðleikur í þessum athugasemdum!!

Á Degi umhverfisins, 25. apríl, ár hvert, hreinsa börn og starfsmenn lóðina og nánasta umhverfi af öllu rusli, sem síðan er flokkað. Börnin og starfsmenn sá blómafræjum í byrjun árs og gróðursetja í byrjun sumars. Í byrjun júní ár hvert koma svo börn og foreldrar og hjálpast að við að gróðursetja tré, runna og blóm til að auðga garðinn af gróðri.

Á hverju bori er sett niður grænmeti í matjurtagarðinn og hirt um hann af natni allt sumarið. Við hirðum sjálf um gróður lóðarinnar yfir árið, klippum, snyrtum, grisjum o.fl. Elstu börnin

2. Við í leikskólanum látum ekki ljós loga í mannlausu herbergi og sjáum til þess að rafmagnstæki séu ekki í gangi að óþörfu. Til að minnka enn frekar rafmagnsnotkun er mynd af "slökkviliðsmanni" (táknrænt) fyrir ofan hvern rofa í leikskólanum. Allir eru því "slökkviliðsmenn" í húsinu og allir eru ábyrgir. Einu sinni á ári, eftir hver áramót, fer átaksvika af stað þar sem allir eru minntir vel og vandlega á að spara alltaf rafmagnið. Lesið er á rafmagnsmæla um hver mánaðarmót, en í upphafi og lok átaksvikunnar. Þetta er gert til að fylgjast með og meta árangur.
3. Börnin í leikskólanum eru upplýst um hvað sé lífrænn úrgangur og að hann breytist í moltu ef við söfnum honum í safnkassa. En til þess að leikskólabarnið átti sig á ferlinu verður það að taka þátt í því. Á hverri deild er fata sem nefnist "Svangi Mangi" og í hana skrapa börn og fullorðnir afgangsmat. Svangi Mangi er tæmdur á hverjum degi í annars vegar safnkassa inni á deild eða hins vegar tvisvar í viku út í lokaðann safnkassa og er fylgst vel með því hvort niðurbrotið gangi eðlilega fyrir sig. Moltan blandast síðan við

moldina í matjurtargarðinum og í trjá- og blómabeð á lóð leikskólans. Á lóðinni eru sjö lokaðir safnkassar fyrir matarleifar og einn opinn fyrir garðaúrgang. Við erum með moltugerðartunnur inni á þremur deildum og hefur það verið frábær vinnuhagræðing fyrir starfsmannahópin og gaman að hafa moltuna svona nálægt börnunum. Núna fylgjast þau miklu betur með niðurbrotinu og finnst eðlilegt að hafa kassa inni. Það kemur fyrir að kassarnir lykti en við gerum ekki mál úr því heldur segjum að þetta sé nú bara saklaus safnkassalykt sem hverfur fljótlega.

4. Ólífrænn úrgangur er flokkaður á öllum deildum leikskólans og honum safnað saman í endurvinnslugeymslu hússins. Þar eru endurvinnslukassar fyrir gler, leir, ál og aðra málma, bylgjupappír, blandaðan pappír, kertastubba, rafhlöður og gosumbúðir. Þessi úrgangur fer að lokum í endurvinnslugám á lóð leikskólans eða á næstu endurvinnslustöð. Keyptar eru 10 lítra mjólkurumbúðir, en einnig eru keyptar eins lítra fernur sem börnin skola og þurrka inni á deildum og fara síðan með í næsta grendargám. Umbúðir undan t.d. kornmat er klipptur til og pappinn notaður í myndmennt. Plastpokar úr kornpakkningum eru nýttir undir óhreini föt og annað sem fer í venjulega sorptunnu. Aðrir pokar, sem koma inn í hús, gegna sama hlutverki. Plastpokar eru ekki keyptir inn enda eru allar ruslafötur mjög snyrtilegar eftir daginn og engin not fyrir plastpoka. Öllum öðrum óendurvinnanlegum umbúðum er safnað saman og ekki hent fyrir en það er útséð um að hægt sé að endurnota/-nýta pakkninguna. Þessar pakkningar koma sér oft vel í listsköpun barnanna.
5. Deildarstjóri eldhúss kaupir inn lífrænt ræktað íslenskt grænmeti þegar það á við, frá maí til desember ár hvert. Leitast er við að kaupa aðra vöru einsog hveiti, pasta, hrísgrjón og haframjöl lífrænt ræktaða. Hér er heimabakað brauð í boði alla daga og er þess gætt að það sé úrval af kornum og spelti notað sem grunnur í baksturinn. Allur matur er unnin frá grunni, hér er ekki keypt inn unnin matvara. Á Degi umhverfisins borðum við og drekkum eingöngu matvörur úr lífrænt ræktaðu hráefni.
6. Það er fyrst og fremst vatnsræsting í húsinu og örtrefjaklútar eru notaðir til að hreinsa vaska, spegla og rúður. Umhverfisvæn gólfsápa (Svanamerkt) er notuð þegar gólfin í fataklefum verða

verulega óhrein. Í leikskólanum eru eingöngu notaðar taubleiur fyrir yngstu börnin.

Það verður að hafa það í huga að leikskólabarnið lærir af því að fást við hlutina. Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa barnið þegar hlutirnir gerast, t.d. þegar það finnur álbút þá er tilvalið fyrir starfsmann að setja ákveðið ferli af stað; vera með barninu og setja búa í endurvinnslukassa fyrir málma og spjalla við barnið hvað verður um hlutinn; fer endurvinnslu, búinn til nýr hlutur úr þeim gamla eins og t.d. niðursuðudós fyrir grænar baunir. Á þennan hátt fræðist og nemur leikskólabarnið.

Nánar um umhverfisstefnuna:

Leikskólinn Norðurberg setti sér umhverfisstefnu vorið 1998 með það að leiðarljósi að vernda umhverfið, náttúruna og vera ekki hvað síðst sparsamir neytendur. Starfsfólk setti sér markmið og leiðir að settu marki og hefur þróað sig áfram allar götur síðan. Það þurfti að tileinka sér nýja starfshætti t.d. varðandi innkaup, notkun orku, vatns og efna og flokkun á úrgangi. Það er alltaf leitast við að kaupa inn vöru (pappír, mat, húsgögn ofl.) sem er með viðurkenndu umhverfismerki auk þess sem reynt er að kaupa í nærbyggð þegar það er hægt. Eingöngu taubleiur eru notaðar í leikskólanum og hefur það vakið mikla aðdáun margra sem heimsótt hafa leikskólann.

Alltaf er leitast við að fá gefins afgangspappír eða pappa fyrir myndmennt með börnunum. Ljósritunarpappír, gæðapappír, er eingöngu notaður hjá starfsfólki við vinnu þeirra í tölvu. Stefnan er að ganga vel um pappírinn einsog t.d. að prenta og ljósrita báðum megin, skera auglýsingar niður og nota sem minnismiða, hvetja börnin til að teikna báðum megin þegar það er hægt og endurvinna pappír og búa til fallegar pappírsarkir. Átaksvika er á hverju hausti þar sem minnt er á leiðir til að minnka notkun á pappír.

Leikskólinn vinnur eftir árstíðunum fjórum og leggjum við inn verkefni þeim tengdum. Við sáum á vorin og uppskerum á haustin og setjum niður lauka. Við vinnum ýmis myndmenntarverkefni tengdum árstíðunum og notum mest verðlaust efni. Við syngjum árstíðabundin sönglög að hluta og lesum og segjum sögur sem tengjast árstíðunum.

Umhverfismennt barnanna fléttast að öllu leyti inn í þeirra daglega líf í leikskólanum. Hún verður þannig eðlilegur þáttur af námi þeirra og

lífsstíll. Það verður að hafa það í huga að leikskólabarnið lærir af því að fást við hlutina ("learning by doing" John Dewey(1859-1952)). Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa barnið þegar hlutirnir gerast!
Á öllum deildum hanga uppi upplýsingar um hvað fer í safnkassann og góðar húsreglur sem við köllum smáatriðin "stóru".

Smáatriðin "stóru"

- Við hugsum áður en við hendum
- Við slökkvum ljós í mannlausu rými
- Við látum ekki vatn renna að óþörfu
- Við sópum matarleifum í Svanga Manga
- Við skilum sandinum úr fataklefa aftur í sandkassann
- Við setjum snýtupappír í Svanga Manga
- Við höfum rafmagnstæki ekki í gangi að óþörfu
- Hvetjum börnin til að teikna báðum megin á blaðið
- Söfnum yddi og notum í myndmennt
- Endurvinnum pappír
- Endurnýtum alla plastpoka
- Endurnýtum alla kassa undan matvörum
- Göngum vel um leikskólann og lóðina
- Brosum grænu brosi framan í heiminn

Eftirlit og endurmat:

Stöðugt eftirlit og endurmat tryggir að settum markmiðum sé náð. Það er hlutverk umhverfisráðs leikskólans að það sé gert og heldur ráðið fundi mánaðarlega. Einnig er endurmat í lok hvers árs á starfsemi leikskólans í heild sem allir starfsmenn taka þátt í og er farið yfir umhverfismálin eins og annað í starfseminni.

Kynning á stefnunni:

Allir foreldrar sem eiga börn í leikskólanum fá góða kynningu á umhverfisstefnu leikskólans. Hún er í Skólanámskrá leikskólans sem nú er eingöngu á netinu og einnig má finna sérstaka umfjöllun um umhverfisstefnuna og Grænfánann á heimasíðu leikskólans, www.leikskóliinn.is/nordurberg. Leikskólastjóri, ásamt deildarstjórum, er með kynningu á umhverfisstefnunni á fundi með nýjum foreldrum í júní hvert ár. Í leikskólanum er gefið út fréttabréf fjórum til fimm sinnum á ári þar sem farið er af og til í umhverfismálin. Heimasíðan er uppfærð

reglulega og fréttasíðan notuð til að segja frá og hvetja til bættrar hegðunar í umhverfismálum.

Leikskólinn Norðurberg er orðinn þekktur fyrir sitt starf um allt land enda vel kynntur í fjölmiðlum, fagritum og miklar heimsóknir eru í leikskólann frá innlendum og erlendum aðilum sem hafa áhuga á að kynna sér stefnu leikskólans og sjá hana í verki. Leikskólastjóri hefur haldið fjölmarga fyrirlestra um stefnuna í Hafnarfirði og í nágrennasveitarfélögum. Einnig hefur leikskólastjóri verið með námskeið, í tvígang, fyrir starfsfólk leikskóla Hafnarfjarðar og verið með kynningar í KHÍ.

Lokaorð:

Óeigingjörn vinna og áhugi starfsfólks leikskólans á umhverfismálum hafa komið honum þangað sem hann er nú, með Grænfánann sem leiðarljós. Leikskólinn hefur svo sannarlega sannað sig sem umhverfisvæn menntastofnun og fengið fjölmargar viðurkenningar og athygli fyrir starf sitt. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar veitti leikskólanum viðurkenningu fyrir framlag hans til umhverfismála vorið 1999. Umhverfisráðuneytið gerði slíkt hið sama á Degi umhverfsins árið 2002 og eru allir sem koma að leikskólanum stoltir yfir báðum þessum viðurkenningum. Í vor var leikskólinn tilnefndur til umhverfisverðlauna Hansaborganna. Þessar viðurkenningar eru fyrst og fremst hvatning til að halda fluginu og gera enn betur.

Það hefur verið frábært að vera í náinni samvinnu í umhverfismálum við Engidalsskóla í gegnum árin og gott að vita til þess að sá lífstíll sem börnin okkar hafa tileinkað sér ljúki ekki við leikskólalok heldur haldi áfram í grunnskólanámi barnsins. Það hlýtur að vera styrkur til framtímar enda hefja flest börnin okkar sína grunnskólagöngu í Engidalsskóla. Við viljum þakka félögum okkar þar fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Með von um að Grænfáninn blakti við hún
í Norðurbænum í Hafnarfirði um ókomna framtíð,
kær kveðja
Anna Borg
leikskólastjóri, leikskólanum Norðurbergi
og verkefnistjóri um umsókn um Grænfánann.

Fylgiskjöl:

Umhverfisráðsfundur 10. maí 2006

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli
Aðalheiður, eldhúsi
Dæja, Álfasteini
Sigga A., Klettaborg
Katrín, ritari Klettaborg

- Tæma opnu safnkassana, sá vestasti langt kominn og næsti er sá austasti.
- Huga að næsta Grænfánaverkefni. Taka áttugana næst. Þarf að vinna að því næsta vetur og aðallega eftir áramótin.
- Hugmynd að heimsækja leikskólann Álfheima á Selfossi á skipulagsdegi 20. okt. og kynna okkur skógarferðir og fylgja þeim í eina slíka.
- Það gengur vel með endurvinnslugáminn.
- Gengur vel með trjáverkefnið þar sem börnin á eldri deildum hafa tekið sér tré í fóstur á skólalóðinni.
- Næsti fundur 6. júní 2006 kl. 12:45

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfisráðsfundur 7. júní 2006

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli
Aðalheiður, eldhúsi
Lóa Björk, Tröllagili
Sigga A., Klettaborg
Katrín, ritari Klettaborg

- Tæma safnkassatunnur nr. 5 og 6 í vestasta opna safnkassann. Tæma innisafnkassa í tunnu 3 næsta miðvikudag og á þá að vera búið að tæma tunnu 5 og 6.
- Sag í tunnur kemur á morgun.
- Okkar tillaga að taka áttugana næsta vetur í tengslum við Grænfánaumsóknina, umræður.

- Næsti fundur er áætlaður í ágúst 2006.

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfissráðsfundur 12. september 2006

Mættir: Anna Borg, formaður
 Día Björk, Birkibóli
 Aðalheiður, eldhúsi
 Lóa Björk, Tröllagili
 Sigga A., Klettaborg
 Katrín, ritari Klettaborg

- Átaksvika í Lífræna sorpinu stendur út september.
- Tæma Svanga Manga í tunnur nr. 4 og 5. Tunnur 1 og 2 fara beint í matjurtagarðinn.
- Sóttum um pening frá Skólaskrifstofu fyrir innisafnkassa á Tröllagil og Klettaborg í tengslum við Grænfánaverkefnið.
- Allar lífrænutunnurnar úti í garði líta vel út og eru í lagi.
- Nýtt umhverfissráð fyrir næsta skólaár:
 - Anna Borg, formaður
 - Ahmed, Klettaborg
 - Júlíana, Álfasteinn
 - Lóa Björk, Tröllagil
 - Día Björk, Birkiból
 - Anna, eldhús
 - Katrín, Klettaborg og ritari hópsins
- Tillaga um Ágústu Sverrisdóttur sem fulltrúa frá foreldrum.
- Nefndarskipti fara fram í október.
- Grænfánaumsókn unnin í október/nóvember og nota skipulagsdaginn í október í undirbúning og skipulagningu.
- Pappi fer í endurvinnslugáminn wc-pappír, umslög safna þessu saman í poka og setja í endurvinnslugáminn.

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfissráðsfundur 11. október 2006

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli
Anna, eldhúsi
Lóa Björk, Tröllagili
Ahmed, Klettaborg
Júlíana, Álfasteini
Katrín, ritari Klettaborg
Tveir nemar frá HA, Ragnheiður og Kristín

- Nýtt umhverfissráð mætir á fundinn.
- Safnkassavinna: ath. tæma tunnur í garði föstudaginn 13. október. Tunnur 1 og 2 í matjurtagarðinn og 4 og 5 í trékassana. Ef ekki tekst að klára eða er veður verður vont þá verður þetta gert fimmtudaginn 19. okt. og mánudaginn 23. okt.
- Í lok október og byrjun nóvember er pappírátasksvikur.
- Katrín sýndi heimatilbúið upplýsingaspjald fyrir "umhverfissráðherrana" til að koma upplýsingum sem fyrst til samstarfsfélaga. Nota glærutúss.
- Katrín sagði frá niðurstöðum í mælingum á vatnsnotkun og rafmagnsnotkun í leikskólanum og erum við í nokkuð góðum málum.

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfissráðsfundur 16. nóvember 2006

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli
Anna, eldhúsi
Lóa Björk, Tröllagili
Ahmed, Klettaborg
Katrín, ritari Klettaborg

- Safnkassar í góðu lagi. Á eftir að tæma 1 og 2.
- Taka niður átakspjöldin og ganga frá þeim í kassann góða.
- Fara yfir ofnastillingar og tala sérstaklega við börnin.
- Minna félagi á ljós í mannlausum herbergjum, slökkva á tölvuskjám.

- Ákveðið að hætta samráði við Engidalsskóla í umsókn um Grænfánann, stofna umhverfísráð barna þar sem elstu börnin á ári hverju sitja í ásamt kennurum og leikskólastjóra.
- Hafa þó samband við umhverfísráð Engidalsskóla einu sinni á ári.
- Það verða því tvö ráð í leikskólanum: umhverfísráð 1 þar sem við sitjum saman ásamt fulltrúa frá foreldrum. Umhverfísráð 2 sem í sitja öll elstu börnin ásamt kennurum og leikskólastjóra.
- Gengið verður frá gátlist til Landverndar í janúar.
- Aukning hefur verið á rusli, 100kg í sept. Og okt. Umræður um af hverju?? Kannski fleiri bleiur?? Ahmed og Anna í eldhúsi ætla að fylgjast með sorptunnunum.

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfísráðsfundur 10. janúar 2007

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli
Júlíana, Álfasteini
Ahmed, Klettaborg
Katrín, ritari Klettaborg

- Safnkassar: nr. 4 fullur og nr. 5 tekinn í notkun, aðrir í fínu lagi.
- Farið í Gátlistann fyrir Grænfánaverkefnið.

Fundi slitið 13:40 og næsti fundur 6. febrúar 2007

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfísráðsfundur 22. febrúar 2007

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli
Anna, eldhúsi
Lóa Björk, Tröllagili
Ahmed, Klettaborg
Júlíana, Álfasteini

Katrín, ritari Klettaborg
Ágústa, fulltrúi foreldra

- Ágústa biðin velkomin í umhverfissráð Norðurbergs sem fulltrúi foreldra í foreldrafélagi leikskólans. Í framtíðinni verðu meðlimur í stjórn foreldrafélagsins fulltrúi í Umhverfissráði.
- Anna Borg segir frá umsókninni um Grænfánann, umsóknin farin og búið að fá staðfestingu frá Landvernd.
- Farið yfir verkefnið "Hraunið okkar", gengur vel, börnin una sér vel í hrauninu og þurfa ekkert aukadót, eru stanslaust að kanna.
- Fréttabréf kemur út á næstu dögum og verður kynning á Grænfánaverkefninu þar fyrir foreldra.
- Stefnum á hátíð þann 7. júní 2007.
- Safnkassi: nr. 4, fjóublár litur á sprota of blautur og þarf að setja í hann þurr lauf. Nr. 5, bleikur og fínn þarf bara sag. Nr. 6, frosinn, tilbúinn til tæmingar. Nr. 7 tómur.
- Innisafnkassar frá Svíra koma í lok þessarar viku eða í byrjun næstu. Tröllagil og Klettaborg fá kassana og Skólaskrifstofa borgar!!
- Kalmartilnefning, Kalmarumhverfisverðlaun. Hafnarfjarðarbær er einn af Hansabæjunum fornu og ætlar að hafa leikskólann Norðurberg sem sinn fulltrúa til tilnefningar til umhverfisverlauna sem Kalmar, á austurströnd Svíþjóðar, veitir árlega. Öllum finnst þetta mikill heiður og erum við spennt eftir niðurstöðum í vor. Við erum nú mjög sátt að vera tilnefnd og eigum síður von á verðlaunum en hver veit, allir eiga jafna möguleika.
- Anna Borg segir frá að hún eigi að kynna vinnu okkar í lóðinni með börnunum í KHÍ á málstofu fyrir fagaðila.
- Katrín er með upplýsingar um rafmangsnótkun og heitavatnsnotkun. Bæði minnkuðu frá því árinu áður, hiti úr 27,5 í 26,3 per. mán. Og rafmagn úr 3113,8 í 3029,8 á mánuði.
- Búið að panta link, Grænfáni, á heimasíðuna þannig að áhugasamir geti kynnt sér allt um grænfánaverkefnið okkar.
- Ágústa hrósaði dagatalinu sem Staðardagskrá 21 gaf út í Hafnarfirði. Hún spurði hvort að leikskólar í Hafnarfirði beri að vinna eftir umhverfisstefnu og sagði Anna að svo væri þar sem það er stefna í bænum sem eigi síðan að hríslast í gegnum stofnanir á vegum bæjarins. Nýr leikskóli á Völlunum á að vinna samkvæmt umhverfisstefnu.

- Ahmed sýndi þykka hanska sem hægt væri að nota í safnkassavinnu úti. Ættum ekki að venja okkur á að nota einnota hanska í þeirri vinnu. Allir tóku undir það.

Fundi slitið kl. 8:50 og næsti boðaður 13. mars 2007.

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfissráðsfundur 17. apríl 2007

Mættir: Anna Borg, formaður
 Día Björk, Birkibóli
 Anna, eldhúsi
 Lóa Björk, Tröllagili
 Ahmed, Klettaborg
 Katrín, ritari Klettaborg
 Ágústa, fulltrúi foreldra

- Farið yfir síðasta fund.
- Sagt frá umhverfissráðsfundum barna og kennara. Anna Borg sagði frá umgjörð fundanna, verður fundað á föstudögum og þarf að slípa til lengd fundanna. Börnin fá barmmerki sem á stendur Umhverfissráð barna. Á fundunum verður tekið fyrir efni sem varðar okkur s.s. safnkassar, gróður o.fl.
- Farið yfir Gátlistann frá Landvernd. Þurfum að vera duglegri að samnýta bíla t.d. á fundi. Laða betur fugla í garðinn og ýta á eftir fuglahúsum sem við vorum búin að panta í fyrra. Katrín ætlar að kanna hvort einhver friðlýst svæði séu í nálægð við okkur. Við viljum forðast að kaupa hluti úr plasti, og vera vakandi yfir merkingum á plastvösum og lími.
- Hvernig gengur með innisafnkassana?? Gengur vel smá lykt, þarf að passa að tæma vatnið. Pressa á fund með fulltrúum deilda og miðla reynslu.
- Púlt fyrir dagbækur úr náttúruskoðun komin og uppsett við allar deildar.
- Önnur mál:
- Ath. hvort gangi að nota kartöflunet til að sigta moltu.
- Día Björk ætla að láta Birkiból skrá hvernig staðan er á safnkössunum.

- Minnt á Dag umhverfisins í næstu viku.

Fundi slitið 8:40 og næsti fundur áætlaður 15. maí.

Katrín Guðbjartsdóttir, ritari

Umhverfisráðsfundur 5. júní 2007

Mættir: Anna Borg, formaður
Día Björk, Birkibóli, ritari
Anna, eldhúsi
Lóa Björk, Tröllagili
Ahmed, Klettaborg
Ágústa, fulltrúi foreldra
Katrín, á Klettaborg var fjarverandi

Dagskrá:

- Grænfánahátíð 28. júní
- Drög að dagskrá:
Tónlistaratriði
Leikskólastjóri opnar hátíðina
Söngur elstu barnanna
Formaður Landverndar
Grænfáninn afhentur
Farið að fánastöng
Nemendur draga upp fánann
Veitingar
- Safnkassar
- Önnur mál
- Anna Borg þakkar fundarmönnum fyrir veturinn og næsti fundur verður boðaður í ágúst.

Umhverfísráð barna í leikskólanum Norðurbergi.

Fyrsti fundur ráðsins var haldinn þann 13.03.2007.

Eitt af skilyrðum að sækja um Grænfánann er að börn sitji í umhverfísráði leikskólans. Við ákváðum að vera með tvö umhverfísráð, eitt fyrir börnin og kennarana og annað fyrir starfsmenn leikskólans og fulltrúa foreldra.

Í umhverfísráði barna eiga að sitja:
öll elstu börn leikskólans, kennarar elstu barnanna og leikskólastjóri.

Í upphafi hvers fundar á að minna á að nú sé umhverfísráðsfundur, deila út merkispjöldum (í barminn sem á stendur Umhverfísráð barna) og sitja í hring.

Þessir fundir verða einu sinni í mánuði í hádeginu og settir inn á skóladagatalið á hverju hausti. Best er að hafa þá á sama degi og skólahópur hittist en gæta þess þó að ekki sé fundað á sama tíma og deildarstjórafundir eru á.

Á hverju ári byrja fundir samtímis og skólahópur kemur saman að hausti. Fundirnir verða í Kastala (salur leikskólans), vera með borð, Grænfána lítinn og stórann, vatn og glös og flettistöflu fyrir ritara.

Umhverfísráðsfundur barna 13.03.2007

Fyrsti fundur ráðsins og í því sitja: öll elstu börn leikskólans, 19 talsins, Fríða Ragnarsdóttir, kennari, Ragnheiður Ragnarsdóttir, leikskólakennari, Lóa Björk Hallsdóttir, deildarstjóri og Anna Borg, leikskólastjóri.

Þessir fundir verða á tveggja vikna fresti fram til júní 2007. Eftir það byrja fundir samtímis og skólahópur kemur saman að hausti á hverju ári og þegar ekki er umsóknarár Grænfánans þá hittist ráðið einu sinni í mánuði. Fundirnir í ár verða í Hvíluhól á Tröllagili, vera með borð, Grænfána lítinn og stórann, vatn og glös og flettistöflu fyrir ritara.

Dagskrá fundarins:

1. Hvar er Grænfáninn?

2. Hvernig fáni er Grænfáninn?
3. Hvað þurfum við að gera til að fá Grænfánann?
4. Skoðum myndina á Grænfánanum. Hvað sjáið þið á myndinni?

Allir fengu vatn í lok fundar og síðan var tekin hópmynd.

Takk fyrir fundinn. Minna á næsta fund.

Frá fundarritara:

Anna Borg, leikskólastjóri, setti fund, kynnti starfsemina og svo fengu allir umhverfismerki í barminn.

1. Fyrst spurði Anna Borg hvar Grænfáninn okkar sé dags daglega. Margir vissu að hann er á fánastönginni á hólnum.
2. Hvernig fáni er Grænfáninn og hvað þurfum við að gera til að fá hann að láni? Börnin svöruðu mismundandi: eigum hann af því við erum góð, eigum ekki að henda rusli, af því að við notum Svanga Manga, erum góð við trén og grasið, náttúran er í miðgarði, hugsum vel um grasið, lafin, blómin og fl. Við erum góð við náttúruna.
3. Fáninn sjálfur, hvað táknar myndin? Mörg svör komu: hringurinn gæti táknað tölustafinn 0 eða bókstafinn O, að sitja í hring, jörðin er kringlótt!! Við sjáum tré, bók, lauf, kall/kellingu, trjástofn. Græni liturinn táknar grasið og alla fallegu náttúruna. Við sjáum bók, opna bók, sem fræðir okkur um náttúruna og við lesum í. Tréð er til þess að við getum andað að okkur súrefni! Maðurinn á fánanum er þar af því að við eigum að vera góð við trén. Bækur eru búnar til úr trjám og við þurfum að gróðursetja mörg tré ef við höggvum eitt til að viðhalda skóginum.

Börnin voru upplýst um að við fáum nýjan fána í júní og til að fá hann verðum við að vera dugleg að kynnast náttúrunni sem er næst okkur t.d. Hafnarfjarðarhraunið eða "hraunið okkar". Þangað förum við öll einu sinni í viku.

Allir fengu vatn í lok fundar og Lóa Björk tók hópmynd.

Fundi slitið

Fríða Ragnarsdóttir, ritari

Umhverfissráðsfundur barna 13. apríl 2007

Annar fundur ráðsins og í því sitja: öll elstu börn leikskólans, 19 talsins, Fríða Ragnarsdóttir, kennari, Ragnheiður Ragnarsdóttir, leikskólakennari, Lóa Björk Hallsdóttir, deildarstjóri og Anna Borg, leikskólastjóri.

Dagskrá fundarins:

1. Rifja upp efni síðasta fundar
2. Hvað er Svangi Mangi?
3. Af hverju setjum við matarleifar í Svanga Manga?
4. Er það gott? Af hverju?
5. Hvað verður úr matarleifunum?
6. Hvað getum við gert við moltuna?
7. Af hverju ræktum við blóm og tré og annan gróður í kringum okkur?

Umræður:

1. Anna Borg, leikskólastjóri, setti fundinn og allir fengu barmmerkin. Fríða Ragnarsdóttir, ritari, las yfir fundargerð síðasta fundar
2. Til að setja mat, sem við borðum ekki, í hann. Tunnur í garðinum.
3. Til að gera mold, til að nota matarleifarnar. Ekki margir með safnkassa heima.
4. Já, það er gott að geta búið til eigin mold.
5. Heima lenda matarleifarnar í ruslinu og eru bara grafnar ef maður á ekki safnkassa, en hjá okkur breytast þær í mold.
6. Við getum gróðursett lauka, sett niður fræ.
7. Til að gera fallegt í kringum okkur. Við þurfum að muna að vökva vel og hugsa vel um gróðurinn.

Svo spurði Anna Borg hvernig trjánum okkar í garðinum liði. Sum merkin hafa tínst, sumar greinar hafa brotnað. Við þurfum að laga það. Ýmislegt fleira var spjallað, svo fengu allir vatn og allir skiluðu merkispjöldunum og fundi var slitið.

Fríða Ragnarsdóttir, kennari, var ritari fundarins.

Umhverfisráðsfundur barna 3. maí 2007

Anna Borg setti fundinn og bauð alla velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- Stutt upprifjun frá síðasta fundi
- Stutt upprifjun frá hreinsunarátakinu á "Degi umhverfisins"
- Síðan spurði Anna í framhaldi af þeirri vinnu

"Hvernig getum við haft lóðina og húsið okkar hreint og fínt?"

Gabriel:	Hreinsa gluggana
Patrekur Leó:	Hreinsa húsið með þrýstislöngu
Hildur:	EKKI drullumalla nema í sandkassanum
Ásta Bína:	Þvegið og þurrkað húsið
Ísak Páll:	Tekið saman rusl, flokkað það og setja í poka
María Kathleen:	Tekið saman spýtur sem ekki að vera í lóðinni
Eggert Freyr:	Hreinsað leikskólann
Helena Ósk:	Málað leikskólann aftur
Hákon Helgi	Sópað
Halldóra Guðrún:	Ræktað blóm og tré á lóðinni
Helga Kristín:	Hent grjótinu útfyrir
Tinna:	Þrifið gluggana
Helga Fanney:	Rakað laufið og sett það í grænu tunnuna
Sandra Dögg:	Vökvað þurr blóm
Lárus Ottó:	Þrifið fyrir framan húsið og í kring
Íris Ósk:	Hreinsað gluggana og ekki óhreinkað þá
Halla Bryndís:	Sópað
Lóa Björk:	Hreinsa í blómabeðunum
Fríða:	Klippt dauðar greinar og grasið í kring
Anna Borg:	Halda áfram að passa trén okkar, merkja þau upp á nýtt ef miðarnir eru týndir eða útmáðir. Halda tréþöllum og bekkjum hreinum og snyrtilegum svo við getum drukkið úti í sumar.

EKKI fleiri mál á dagskrá. Síðan fengu allir vatn að drekka og fundi slitið þegar allir höfð skilað merkjunum sínum.

Fríða Ragnarsdóttir, ritari

